

Kópavogi þ. 7. mars 2018

Alþingi

Kirkjustræti v/Austurvöll

101 Reykjavík

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis.

Efni: Bann við umskurði drengja.

Virðulega nefnd. Nú liggur fyrir frumvarp Silju Daggar Gunnarsdóttur, alþingismanns, um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, 218. gr., þar sem segir: „Hver sem með líkamsárás veldur tjóni á líkama eða heilsu stúlkubarns eða konu með því að fjarlægja kynfæri hennar að hluta eða öllu leyti skal sæta fangelsi allt að 6 árum.“ Breytingin sem lögð er til, er að orðinu „stúlkubarn“ verði breytt í „barn“ og nái því til drengja og stúlkna.

Undirritaður styður frumvarpið eins og það er lagt fram.

Undirritaður eignaðist son þ. 11. nóvember 2011 á Landspítala við Hringbraut. Móðir drengsins, frá Filippseyjum, hefur verið búsett á Íslandi frá árinu 2004. Foreldrar hennar eru búsettir í Bandaríkjunum og eru móðirin og foreldrar hennar kaþólskrar trúar. Undirritaður er utan trúfélaga.

Frá því að drengurinn fæddist hafa bæði móðirin og foreldrar hennar viljað umskera drenginn. Móðirin myndi sjálf sjá um umskurðinn og framkvæma hann á okkar heimili. Þau töldu mikilvægt að umskurðurinn færi fram sem allra fyrst til þess að drengurinn myndi ekki muna eftir sársaukanum. Rök þeirra voru að þetta væri „nice“ og stúlkur vildu umskorna menn. *Engin önnur rök hafa þau fært fyrir umskurði.*

Undirritaður hefur alla tíð verið harðlega á móti umskurði á drengnum og sem betur fer tekist að koma í veg fyrir að hann hafi verið beittur þessu hrottalega ofbeldi.

Þar sem lítið sem ekkert var að finna í íslenskum lögum um umskurð drengja, var fátt sem undirritaður gat gert í þeirri stöðu sem upp var komin en þó hefur hann frá árinu 2011 vakið máls á þessu við: Barnaheill, barnaverndarnefnd á Suðurnesjum, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (ungbarnavernd), lögregluna á höfuðborgarsvæðinu, Umboðsmann barna, lækna,

hjúkrunarfræðinga og aðra sem að hugsanlega kæmu að svona máli. Allir þessir aðilar brugðust faglega við málinu með þeim takmörkunum sem lög heimiluðu.

Verði frumvarpið ekki samþykkt, hefur undirritaður eftirfarandi spurningar og óskast skriflegt svar við þeim.

- 1) Hvað telst lækni- og lækna verkum heimilt að framkvæma?
- 2) Á hvaða tímabili frá fæðingu drengs er æskilegt að umskera dreng?
- 3) Hver mun sjá um kennslu við umskurð drengja?
- 4) Hvaða verkfæri ber að nota við umskurð?
- 5) Nú fer umskurður úrskeiðis og kalla þarf til sjúkrabíl og barnalækni. Hvað má gera margar tilraunir til umskurðar eftir að sjúkrahúsdvöl barnsins lýkur?
- 6) Hvað ber að gera við forhúðina sem fjarlægð verður eftir umskurð?
- 7) Hvaða veitingar ber að færa viðstöddum eftir framkvæmd umskurðar?

Verði frumvarpið samþykkt, en þá með þeim takmörkunum, að umskurður skuli framkvæmdur af lækni á viðurkenndri heilbrigðisstofnun, hefur undirritaður eftirfarandi spurningar og óskast skriflegt svar við þeim.

- 1) Nú er umskurður óafturkræf aðgerð. Hver er réttur barnsins til þess að mótmæla umskurði?
- 2) Nú eru foreldrar ekki sammála um það hvort framkvæma eigi umskurð eða ekki. Hvort munu hagsmunir barnsins (að framkvæma ekki umskurð) eða hagsmunir þess foreldris sem vill framkvæma umskurð á dreng sínum ráða för?
- 3) Nú hefur umskurður verið framkvæmdur og drengur er orðinn lögráða, hann er ósáttur við að hafa undirgengist slíka aðgerð, mun ríkissjóður greiða honum bætur, eða mun hann þurfa að höfða skaðabótamál gegn þeim sem framkvæmdi aðgerðina?

Virðingarfyllst.

Magnús Einarsson Smith

kennitala: 061286 – 2769